



Valgreinar 8. – 10. bekkjar Skólaárið 2019 – 2020

Námslýsingar



Hugrökku  er ekkert ómögulegt



Val í 8. – 10. bekk

Kæri nemandi.

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir að nemendur á unglíngastig fái 37 kennslustundir á viku, 1480 mínútur. Þær skiptast í 31 stund í kjarnagreinum og 6 stundir í valgreinum. Hver valgrein er kennd í 2 stundir í einu og átt þú nemandi góður því að velja 3 valgreinar fyrir áramót og aðrar 3 eftir áramót.

Markmiðið með vali er að gefa nemendum tækifæri til þess að velja viðfangsefni í skólanum í tengslum við áhugasvið, styrkleika og framtíðaráform eftir því sem hægt er.

Þú átt að velja valgreinar í skólabyrjun fyrir allan veturinn. Þú velur 4 - 6 valgreinar á hvorri önn og merkir við frá einum og upp úr, eftir forgangi. Reynt verður að koma til móts við val nemenda eins og hægt er en ekki er víst að nemendur fái það val sem þeir óska eftir sem fyrsta kost.

Skólahreysti verður kennd frá lokum október og fram í mars, eða fram að Skólahreystikeppninni. Kenndir verða tveir tímar á viku á miðvikudögum kl.13:25

Undirbúningur fyrir ökunám er bundið val fyrir nemendur 10. bekkjar og verður kennt eftir áramót.

Nemendum 8. – 10. bekkjar gefst í vetur kostur á að fá aðstoð við heimanám eftir að skóla líkur.

Nemendum er heimilt samkvæmt grunnskólalögum að velja skipulagt nám sem stundað er utan grunnskólans sem hluta af grunnskólanámi. Þar er t.d. átt við nám við framhaldsskóla eða tónlistarskóla. Auk þess er heimilt að meta þátttöku í íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi sem hluta náms. Nemendur geta valið nám við framhaldsskóla, tónlistarskóla eða íþróttir sem eina valgrein yfir veturinn. Forráðamenn bera allan kostnað af námi sem óskað er eftir með þessum hætti.

Athugið

Verði valhópar fámennir gætu þeir fallið niður.

Mikilvægt er að val nemenda sé vel ígrundað þar sem valið er bindandi fyrir komandi skólaár og verður ekki breytt eftir að skóli hefst haustið 2019.

Með kveðju,
Ásta

Allir með

Lýsing

Nemendur þjálfa sig í hlutverki leiðtoga sem gætir þess að virkja aðra til þátttöku í frímínútum. Verkefnið snýst um að bjóða upp á leiki, spjall eða samveru í útifrímínútum og/eða spil og spjall í innifrímínútum. Einu sinni í viku er fundur með leiðbeinanda þar sem farið er yfir verkefni vikunnar, þau metin og áætlun gerð um næstu skref.

Markmið

- Að efla samvinnu, gleði og vellíðan nemenda í frímínútum
- Að þjálfa lausnamiðaða hugsun
- Að finna styrkleika sína og annarra
- Að vera leiðandi í samstarfi og bera ábyrgð á útfærslu leiða að sameiginlegum markmiðum.

Námsmat

Leiðsagnarmat þar sem horft er til eftirfarandi lykilhæfnipáttanna:

- Verið leiðandi í samstarfi og borið ábyrgð á útfærslu leiða að sameiginlegum markmiðum.
- Unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla.

Arabískur menningarheimur

Lýsing

Nemendur kynnast t.d. arabískri menningu, í hversu mörgum löndum er arabíska töluð og frá hvaða heimsálfu koma arabar. Einnig munu nemendur læra grunnorðaförða tungumálsins, litina, tölustafina og fl.

Markmið

- Að nemendur kynnist fjölbreyttri menningu
- Að nemendur læri grunnorðaförða tungumálsins

Námsmat

Vinna er metin jafnt og þétt. Mest er horft til virkni, frumkvæðis, samvinnu og sjálfstæðra vinnubragða.

Fatasaumur

Lýsing

Nemendur komi með eigin hugmyndir og velji sér flík og hvað þau ætla að sauma. Lögð áhersla á eigin hugmyndir, góðan frágang og umgengi.

Markmið

- Að nemendur læri að nota saumavélar bæði venjulegar og overlock
- Að nemendur læri að taku upp snið og sníða á sníðaborði.

Námsmat

Vinnusemi, frágangur og snyrtimennska metin í lok lotunnar.

Fjölmiðlun

Lýsing

Unnið er að öflun efnis í skólablað sem kemur út að vori en í blaðinu verða fréttir úr skólanum, bænum okkar og af öðru sem nemendur telja áhugavert. Nemendur kynna sér íslenska fjölmiðla með sérstaka áherslu á fjölmiðla á Austurlandi og fræðast um starfsemi þeirra. Stefnt er að heimsóknum á allar tegundir miðla (prent-, ljósvaka- og netmiðla).

Markmið

- Að kynnast starfssemi fjölmiðla.
- Að læra að afla fréttar og vinna þær til miðlunar, taka viðtöl og vinna til birtingar með mismunandi aðferðum og temja sér fagleg vinnubrögð og vandvirkni í meðferð heimilda.
- Að nemendur kynnist ólíkum vinnubrögðum fyrir prentaða miðla og ljósvakamiðla.

Námsmat

Hver kennslustund er metin með tilliti til hæfniviðmiða og horft til frumkvæðis og vandvirkni. Verkefni eru metin í lok lotunnar.

Heimilisfræði

Lýsing

Heimilisfræðin á að auka sjálfstæði nemenda í heimilisstörfum og vera þjálfun í að vinna með öðrum. Nemendur læra að elda og baka eftir uppskriftum, einnig meðhöndlun matvæla og mikilvægi hreinlætis, ásamt því að læra næringar- og heilsufræði.

Markmið

- Að geta skipulagt og matreitt fjölbreyttar, hollar og vel samsettar máltíðir með hagkvæmni og nýtni að leiðarljósi.
- Að geta sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í samhengi við lýðræði og jafnrétti, hreinleika og eiginleika sem taldir eru bæta heilsu fólks og stuðla að sjálfbærri þróun.
- Að geta tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tekið ábyrgð á eigin heilsu.
- Að vita um mikilvægi hreinlætis og meðferð matvæla.

Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

Legó og forritun

Lýsing

Nemendur hanna legó vélmenni og æfa sig í að forrita það til að leysa ýmis konar þrautir.

Nemendur prófa einnig aðrar tegundir forritunar, bæði á chrombook tölvur og spjaldtölvur.

Markmið

Að nemendur læri grunnatriði forritunar

Að nemendur þjálfist í ýmis konar forritun

Að nemendur þjálfist í skapandi vinnu

Að nemendur þjálfist í samvinnu

Námsmat

Vinna er metin jafnt og þétt. Mest er horft til virkni, frumkvæðis, samvinnu og sjálfstæðra vinnubragða.

Listaval

Lýsing

Nemendur skapa með teikningu, málun og föndri meðal annars.

Markmið

- að láta ljós sitt skína með skapandi vinnu.
- að öðlast sjálfstæði í sköpun.
- þróa leikni sína með ólíkum nálgunum svo sem í teikningu og málun.
- skapa, greina og að njóta listar.

Námsmat

Verkefni eru metin af kennara og af nemendunum sjálfum. Þá er horft til áhuga, vinnusemi, frumkvæði, vandvirkni og jákvæðni.

Handavinna

Lýsing

Verkefnaval og hugmyndir eru unnar í samráði við kennara, eitt val. Notaðar verða bækur og blöð í eigu skólans, en þó aðallega tökum við efni af internetinu. Við horfum á bíómynd á meðan við þrjónum og veljum þá frekar íslenskar bíómyndir, svo að það sé auðveldara að einbeita sér að handavinnunni líka og hlusta um leið.

Mikil áhersla er lögð á góð vinnubrögð, sjálfstæði, frágang, vinnusemi og heimavinnu.

Markmið

- að nemendur auki við þekkingu sína í þrjóni, t.d. með því að þrjóna eftir einföldum uppskriftum, þrjóna með hringþrjón, tveimur eða fimm þrjónum og læra að þrjóna slétt þrjón, slétt/brugðið, og úrtöku.

Námsmat

Virkni í tímum, samhæfing og athygli.

Rafmagnsfræði

Lýsing

Farið verður í helstu grunnhugtök og lögmál í rafmagnsfræði. Fræðsla og umræður og hópaverkefni um rafmagn og öryggi. Fjölbreytt verkleg verkefni og prófanir í hverjum tíma.

Markmið

- Að nemendur fái skilning á helstu hugtökum í rafmagnsfræði
- Að nemendur nái að framkvæma einfalda reikninga og snúa formúlum.
- Að nemendur öðlist meiri skilning á rafmagn og rafmagnsöryggi.
- Að nemendur öðlist færni í verklegri vinnu og sjálfstæði

Námsmat

Hver kennslustund er metin með tilliti til hæfniviðmiða og horft á frumkvæði, áhuga og vandvirkni. Verkefni eru metin í lok lotunnar.

Skólahreysti

Lýsing

Nemendur æfa sig í þeim þrautum sem keppt er í í Skólahreysti og þroska andlegt og líkamlegt atgervi samhliða því að efla félagsleg samskipti. Skólahreysti er uppskrift að heilbrigðum lífsstíl, þar sem allir geta tekist á við einfaldar og skemmtilegar þrautir, þar sem æfing og einurð skilar árangri. Þetta val verður fyrir utan hefðbundinn skólatíma frá byrjun október og fram að Austurlandsriðli Skólahreystikeppninnar.

Markmið

- Að undirbúa nemendur undir undankeppni Skólahreysti sem haldin verður í skólanum í lok febrúar.
- Að undirbúa nemendur undir Austurlandsriðil Skólahreysti.

Námsmat

Vinnusemi og áhugi í tímum liggur til grundvallar í námsmati.

Smíðar

Lýsing

Í vetur verða gerð upp gömul tréverk og nemendur læra helstu handtök sem nýtast á heimilum okkar. Einnig lærum við á helstu verkfæri og um hugtök sem tengjast smíðinni.

Áhersla verður lögð á sköpun, hönnun, og fagurfræði ásamt virkni/vinnusemi. Unnið verður mikið í hópverkefnum að margvíslegum verkefnum.

Markmið

- Að nemendur öðlist aukna færni og sjálfstæði í verklegri vinnu.
- Að nemendur vinni sjálfstætt og í hóp
- Læra að vinna eftir verkferli frá hugmynd til afurðar
- Auka færni í að tjá sig um verkefni sín og nota hugtök sem tengjast verkefnum

Námsmat

Hver kennslustund er metin með tilliti til hæfniviðmiða og horft til frumkvæðis og virkni. Verkefnin eru metin í lok lotunnar.

Starfsval

Lýsing

Valið er eingöngu í boði fyrir 10. bekk. Þar gefst nemendum kostur á að kynnast störfum í fyrirtækjum samfélagsins með því að vinna við hlið fagfólks á vettvangi.

Markmið

- Að kynnast starfi á vettvangi.
- Að þjálfast í að vinna sjálfstætt með öðrum og virða jafnrétti og skoðanir annarra.

Námsmat

Tímabilið er metið og þá horft til áhuga, vinnusemi og jákvæðni. Skilagrein er unnin á þar til gert eyðublað sem nemandi skilar í lok tímabilsins.

Trúarbragðafræði

Lýsing

Sprengrjúglaðir glæpamenn og hamingjusamar hefðir, heilög hryðjuverk og Tom Cruise.

Trúarbrögð taka á sig margar mismunandi myndir, hafa gert það allt frá upphafi og munu halda áfram að gera um ókomna tíð. Í námskeiðinu verður skoðað hvernig trúarbrögð hafa haft áhrif á allt frá stríðum sögunnar til nútíma tölvuleikja.

Markmiðið

- Að vekja nemendur til umhugsunar og efla gagnrýna athugun í garð fjölbreyttra trúarbragða í daglegu lífi.

Námsmat

Þátttaka nemenda í tímum og símat í gegnum fjölbreytt úrval verkefna; skrifleg, munnleg, verkleg o.fl.

Undirbúningur fyrir ökunám –

(bundið val í 10. bekk)

Lýsing:

Fyrirlestrar um neðangreinda þætti. Farið yfir umferðarmerkin, yfirborðsmerkingar o.fl.

Markmið

- Að nemendur öðlist skilning á umferðarreglum, lestri umferðar og umferðarmerkjum.
- Bifreiðin og umhirða, öryggisbúnaður og ástand.
- Akstur og hinn mannlegi þáttur, vegurinn og vegfarendur, ábyrgð, tryggingar, tillitssemi.
- Að auðvelda nemendum að taka bílpróf.

Námsmat: Hver kennslustund er metin með tilliti til hæfniviðmiða og horft til frumkvæðis og vandvirkni. Verkefnin eru metin í lok lotunnar.

Útlit og heilsa

(fyrir áramót eingöngu fyrir stelpur)

Lýsing

Farið verður í t.d. umhirðu húðar og hárs, handsnyrtingu, litun og plökkun, förðun, næringarfræði, sjálfsstyrkingu.

Markmið

- Að nemendur læri umhirðu húðar
- Að nemendur fái aukið sjálfstraust
- Að nemendur læri að hugsa um sig á heilbrigðan hátt.

Námsmat

Vinna nemenda verður metin jafnóðum og þá einkum horft til virkni, samvinnu, áræðni og ábyrgðar.

Útlit og heilsa

(eftir áramót eingöngu fyrir stráka)

Lýsing

Farið verður í t.d. umhirðu húðar og hárs, handsnyrtingu, næringarfræði, sjálfsstyrkingu.

Markmið

- Að nemendur læri umhirðu húðar
- Að nemendur fái aukið sjálfstraust
- Að nemendur læri að hugsa um sig á heilbrigðan hátt.

Námsmat

Vinna nemenda verður metin jafnóðum og þá einkum horft til virkni, samvinnu, áræðni og ábyrgðar.

Söngur

Lýsing: Sönglist er valgrein þar sem nemendur koma saman og æfa sig í að syngja. Bæði verður um einsöng og hópsöng að ræða. Nemendur fá þjálfun í að syngja í hljóðnema, beita röddinni rétt og radda.

Markmið

- Að nemendur læri að koma fram fyrir framan aðra og syngja.
- Að nemendur læri að beita röddinni rétt.
- Að nemendur læri að velja lög við hæfi.
- Að nemendur læri að syngja í hljóðnema.

Námsmat

Vinna nemenda verður metin jafnóðum. Þá er einkum horft til þátttöku, stundvísi og samvinnu.

Veturhús

„hversu stór þarf atburður að vera til þess að komast á spjöld Íslandssögunnar?“

Lýsing

Í heimsstyrjöldinni síðari var unnið gríðarlegt björgunarafrek við Veturhús í Eskifirði. Í janúar árið 1942 hélt flokkur breskra hermanna í göngu yfir fjöllin frá Reyðarfirði til Eskifjarðar. Gangan endaði með harmleik sem þó hefði orðið enn meiri ef fátækt bændafólk hefði ekki komið til bjargar. Björgunarafrek sem þó var ekki skrásett og gleymdist að þakka fyrir.

Farið verður yfir söguna í myndum og máli og unnið með atburði og hugtök sem tengjast sögunni. Skoðaðar verða sögulóðir og Stríðsárasafnið heimsótt. Nemendur vinna í hópum og snjalltækja notkun verður töluverð.

Markmið:

- Að taka þátt í samvinnu, samræðum, rökræðum og tjá skoðanir sínar með ýmsum hætti sem og að velja þeim miðil sem hentar.
- Að sýna fram á skilning á heimabyggð sinni og útskýrt samhengi hennar við umhverfi, sögu, menningu, listir, félagsstarf og atvinnulíf

- Að rökræða mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni
- Að setja sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum

Námsmat:

Metin verður rafræn dagbók hvers og eins, þátttaka í umræðum, verkefni og sjálfsmat.

Viðburðaval

Frá hugmynd til framkvæmdar

Lýsing

Þeir nemendur sem velja þetta valfag eru þeir sem hafa áhuga á viðburðum og félagsmálum skólans. Í áfanganum felst hugmyndavinna, undirbúningur og framkvæmd ýmissa verkefna og viðburða.

Kennslan fer fram í verklegum þáttum, það er að skipuleggja viðburði innan skólans, undirbúa þá og koma þeim í framkvæmd. Áhersla er lögð á að nemendur geti þroskað sig sem einstaklingar en einnig að þeir læri samvinnu og að bera virðingu hvort

fyrir öðru. Nemendur fá þjálfun í félagsfærni, kynnast unglíngalýðræði og lýðræðislegum vinnubrögðum. Nemendur vinna í hópum að fjölbreyttum verkefnum.

Markmiðið

- Að efla félagslegan þroska nemenda,
- Að styrkja sjálfsmynd og viðhorf þeirra til sín og annarra
- Að styrkja þá á félagslegum vettvangi.

Félagsmál eru mikilvægur þáttur í mótun unglínginga og heilbrigð félagsleg virkni hefur einungis jákvæð áhrif á líf unglínginga.

Námsmat

Valfagið er metin til einkunnar. Einkunnagjöf byggir á mætingu í tíma, virkni í tímum, frumkvæði, samvinnu, úrvinnslu verkefna og virkni/ábyrgð á viðburðum sem hópurinn stendur fyrir.

Þróunarhjálp

Lýsing

Hungur og farsóttir, matarhjálp og menning, blóðþyrstir stríðsherrar og Freddie Mercury.

Allt þetta tengist einu umdeildasta fyrirbæri í nútíma samfélagi; Þróunarhjálp.

Markmiðið

- að bæta skilning nemenda á samfélögum bágstaddra landa í Afríku, Suður-Ameríku og Asíu á skemmtilegan og öðruvísi hátt; líta upp úr bókunum og taka upp boga og örvar!!

Námsmat

Þátttaka nemenda í tímum og símat í gegnum fjölbreytt úrval verkefna; skrifleg, munnleg, verkleg o.fl.